

# FRÉTTABRÉF

## GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

### 4. TBL. 19. ÁRGANGUR MARS / APRÍL 2024

Í foreldraviðtölum í febrúar s.l. var lögð fyrir könnun í grunnskólanum um vetrarfrí, seinkun skólabyjunar og takmörkun farsímanotkunar í skólanum. Góð þátttaka var en 227 foreldrar svöruðu könnuninni.

Nú fer vinna í hönd að undirbúa skólaping þar sem foreldrar og nemendur ræða þessar niðurstöður og hvernig skólinn getur framfylgt takmörkun farsímanotkunar í skólanum næsta vetur. Það er mikilvægt að vinna að þessu í sameiningu svo okkur gangi vel að framfylgja n..... Allir foreldrar eru velkomnir á skólapingið en við gerum einungis ráð fyrir aðkomu nemenda í 6. - 9. bekk á þingið. Gert er ráð fyrir að skólapingið verði haldið í maí en endanleg dagsetning hefur ekki verið ákveðin.

Niðurstöður úr könnuninni eru eftirfarandi:

69% foreldra eru ánægð með vetrarfríin í skólanum. Athugasemd kom fram um að gott væri að vita fyrirfram hvenær vetrarfríin eru skipulögð en upplýsingar um vetrarfríin koma fram á skóladagatali grunnskólans en það er gefið út í lok apríl fyrir komandi skólaár, þar koma fram upplýsingar um vetrarfrí. Skóladagatalið er samræmt á milli Grunnskóla Hornafjarðar, leikskólans Sjónarhóls og Grunnskólans í Hofgarði.

90,7 % foreldra vill farsímalausan Grunnskóla. Yngra svið skólans er farsímalaut þar geyma nemendur síma hjá ritara eða þeir sem koma með þá og fá þá í lok dags. Á yngra sviði í lengdri viðveru eru sumir nemendur með snjallúr í töskunum sínum sem foreldrar nýta sér til að hringja í og koma skilaboðum áleiðis. Það er spurning hvernig við eigum að taka á því og gott að ræða það á skólapingi. Mikilvægt er fyrir skólann að reglur verði unnar með heimili og nemendum. Því er sérlega ánægjulegt að 87,1 % foreldra er tilbúin að taka þátt í að móta reglur um farsímalausan skóla. Í unglíngadeildinni í dag geyma allir sína síma í farsímageymslu þegar kennsla er. Þeir fá símana sína þegar frímínútur eru.

Foreldrar voru spurðir út í seinkun á skólabyrjun til kl. 9:00 á morgnana en þeir voru alfarid á móti því en margir þeirra lögðu þó til að skólahald myndi hefjast kl. 8:30 á morgnana.

Starfshópur um barnvænt samfélag (BarnvaentSveitarfelag-

adgerdaaaetlun08.02.2024.pdf.crdownload (hornafjordur.is) leggur til í skýrslu sinni að seinka grunnskólanum til 8:30 á morgnana og hefur fræðslunefnd sveitarfélagsins lagt til að komið verði til móts við þær niðurstöður. Gert er því ráð fyrir að skóli hefjist kl. 8:30 næsta skólaár. Nemendur á yngra stigi geta mætt í skólann kl. 8:00 en það verður gæslu fyrir nemendur í 1. - 4. bekk Þann tíma

Árshátíð Grunnskóla  
Hornafjarðar

The KYNNIR  
**LORAX**

10.apríl

Ípróttahúsinu  
kl. 17:00

kostar 500 kr inn  
1500 kr fyrir fjölskyldu



Vorið kemur, heimur hlýnar

Styðjum Jóni Birki og fjölskyldu.  
Saman erum við sterkari!

- 10. apríl kl. 17:00 árshátíð  
Grunnskóla Hornafjarðar.

Sölubás með leirmunum sem  
nemendur hafa búið til.

Verð: 2000 - stk

5000 - 3 stk



Styrkt af Horn raf og vélaverkstæði

# JÖKLAGANGA

Síðustu vikur höfum við í 7. bekk verið að læra um jökla og jarðfræði tengda jöklum. Við höfum verið að vinna í okkar eigið jöklarannsóknahefti, þar söfnum við saman upplýsingum um efnið. Allir hafa búið til bæklinga og veggspjöld og ætlum við að setja upp smá sýningu í Nýheimum. Kennararnir okkar Berglind, Laufey og Eva Rán fóru með okkur í ferðina. Það er frábært að hafa náð því að fara í ferðina og fara í jöklagöngu, þá fengum við að sjá miklu betur hvað jöklarnir eru stórir og miklir.



Við lögðum af stað frá skólanum klukkan 9 og vorum komin í Freysnes klukkan hálf ellefu. Þar hittum við fjallaleiðsögumennina sem gáfu okkur brodda, hjálma, ísaxir og belti. Þar voru einnig starfsmenn Landans, sem er sjónvarpspáttur á RÚV. Þar borðuðum við nestið okkar og svo lögðum við af stað upp að jöklinum. Þegar við vorum komin að jöklinum festum við á okkur brodda og hjálma.



Okkur var svo skipt í þrjá hópa og lögðum svo af stað. Við stelpurnar vorum fimm saman í hóp og leiðsögumaðurinn sem fylgdi okkur heitir Íris. Við gengum u.þ.b. 2 km upp jökulinn og stoppuðum og tókum nestispásu. Þeir sem óskuðu eftir því fengu að prófa ísklifur.



Svo lögðum við af stað af jöklinum í átt að Freysnesi. Þegar við komum þangað skiluðum við búnaðinum sem við höfðum fengið lánaðan. Um þrjúleytið lögðum við aftur af stað til Hafnar. Ferðin var mjög skemmtileg og lærdómsrík. Félag íslenskra fjallaleiðsögumanna og Kiwanis buðu okkur í þessa ferð og þökkum við þeim fyrir.

Dominyka,  
Hildur Kara og  
Sóley